

hálfu stefnda engar ástæður verið færðar fram fyrir því, hvers vegna þessir riflegu frestir hafa eigi nýtt honum. Með vísan til framanritaðs og með skírskotun til ákvæða 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 verður hinn umbeðni frestur því ekki veittur gegn andmælum stefnanda.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Fimmtudaginn 13. marz 1952.

Kærumálið nr. 6/1952.

Guðlaugur Ásgeirsson

gegn

**Gústaf Ólafssyni, Hannesi Ágústssyni og
Sigurði Berndsen.**

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson
og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað
hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórð-
ar Eyjólfssonar.

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. febrúar þ. á., sem hingað barst 3. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, kveðinn upp á bæj-
arþingi Reykjavíkur 25. febrúar þ. á., en með honum var hluta af kröfu sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum, að fjárhæð kr. 27.841.78, vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á kröfu þessa. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Við athugun á málalíbúnaði og málflutningi í héraði, að því er kæruatriðið varðar, hefur það komið í ljós, sem nú skal greina:

Með stefnu 27. júní 1950 höfðaði sóknaraðili mál á hendur varnaraðiljum til endurgreiðslu in solidum á kr. 63.500.00 auk 6% ársvaxta frá 2. maí 1946 svo og til greiðslu á kr. 30.000.00 í skaðabætur auk 6% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá sáttakærudegi til greiðsludags. Enn fremur krafðist hann málskostnaðar að skaðlausu. Um málsatvik er vísað til sáttakæru. Í henni er talið, að sannast hafi við rannsókn út af kæru, er send var sakadómaranum í Reykjavík, að varnaraðiljar hafi hagnast ólöglega um kr. 63.500.00 vegna kaupa á tveimur skuldabréfum, sem tryggð voru með 3. og 4. veðrétti í húseign sóknaraðilja, Bústaðabletti 12 í Reykjavík. Engin skýring er þar gefin á skaðabótakröfunni. Við þingfestingu málsins er lögð fram greinargerð, sem svo er kölluð, en eigi er hún annað en upptalning þeirra skjala, sem fram eru lögð, og tilvísun til gerðra krafna í stefnu og málsatvika samkvæmt öðrum skjölum. Þá er og lagt fram framsal, dags. 28. júní 1950, frá manni að nafni Benedikt Jóhannsson til sóknaraðilja á „endurgreiðslukröfu ásamt vöxtum“ á hendur varnaraðiljum vegna affalla við kaup á veðskuldabréfum þeim, sem að framan eru nefnd, en þau voru samtals að fjárhæð kr. 14.000.00. Eigi er það nánar skýrt, hvernig aðild Benedikts að kröfum þessum hefur verið háttað. Loks er lagt fram endurrit af lögreglupingbók Reykjavíkur, 70 foliosíður, út af kæru sóknaraðilja á hendur tveimur af varnaraðiljum. Er þar greint frá ýmiss konar samningaflækjum á milli aðilja, mörgum þeirra alls óviðkomandi kröfum þeim, er hér um ræðir, að því er séð verður. Aðrar skriflegar skýringar, sem máli skipta, hafa ekki komið fram af hálfu sóknaraðilja, nema reikningsyfirlit á 4 foliosíðum, sem lagt var fram við munnlegan flutning málsins. Breytti sóknaraðili þá kröfum sínum að verulegu leyti, svo sem greinir í úrskurði héraðsdóms, lækkaði skaðabótakröfuna niður í kr. 11.000.00, en hækkaði aðrar kröfur nær því að sama skapi. Var þar í innifalin ný krafa, sú sem úrskurður héraðsdóms ræðir um.

Eins og sést af því, sem nú hefur verið rakið, hefur engin raunveruleg greinargerð verið lögð fram í héraði af hálfu sóknaraðilja, enda getur hvorki sáttakæran né endurrit það úr lögreglupingbók Reykjavíkur, sem getið hefur verið, komið

í stað greinargerðar. En sökum þess, hversu mál þetta er að ýmsu leyti flækjukennt, var brýn þörf glöggrar og ýtarlegrar greinargerðar af hans hálfu. Er því hér um alvarlegt brot á fyrirmælum 105. gr. laga nr. 85/1936 að ræða. Svo hafa og kröfur sóknaraðilja verið á reiki, og brýtur það í bág við 88. gr. sömu laga. Sökum þessara megingalla á meðferð málsins í héraði þykir rétt að ómerkja meðferð þess þar og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Meðferð bæjarþingsmálsins á að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 25. febrúar 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ. m., hefur Guðlaugur Ásgeirsson, Lækjargötu 8 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu, útgefinni 27. júní 1950, gegn Gústaf Ólafssyni héraðsdómslögmanni, Blönduhlíð 35, Hannesi Ágústssyni verzlunarmanni, Holtsgötu 34, og Sigurði Berndsen fasteignasala, Barmahlíð 30, öllum hér í bænum, til greiðslu in solidum á kr. 63.500.00 með 6% ársvöxtum frá 2. maí 1946, kr. 30.000.00 í skaðabætur með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa allir krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að stefndu yrðu dæmdir in solidum til að greiða:

1. Vantaldar afborganir og vaxtagreiðslur og umsamda eftirgjöf, kr. 42.785.40, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1949 til greiðsludags.

2. Afföll af 3. og 4. veðréttarbréfum, áhvílandi Bústaðabletti 12, er stefndu hafi keypt af Benedikt Jóhannssyni, kr. 39.092.80, með 6% ársvöxtum frá 2. maí 1946 til greiðsludags.

3. Skaðabætur fyrir fjárhagstjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna ólögmeats athæfis stefndu, kr. 11.000.00, með 6% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags.

4. Málskostnað að mati dómarans.

Að því er varðar 1. lið dómkrafnanna, hafa stefndu *aðallega* krafizt þess, að honum verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar, en *til vara* hafa þeir krafizt sýknu af kröfufullðnum og

málskostnaðar. Af öðrum liðum krafanna hafa stefndu krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að árið 1944 tók stefnandi máls þessa tvö lán hjá stefnda Hannesi. Til tryggingar lánunum setti stefnandi að veði með 1. og 2. veðrétti eign sína Bústaðablett 12 við Sogaveg, sem er erfðafestuland, ásamt hænsnabúi á eigninni. Bæði veðskuldabréfin voru handhafaskulda-bréf, 1. veðréttarbréfið útgefið 22. maí 1944, að fjárhæð kr. 25.000.00, en 2. veðréttarbréfið útgefið 5. september 1944, að fjárhæð kr. 90.000.00. Samkvæmt ákvæðum beggja veðskuldabréfanna báru þau 6% ársvexti. Með skuldabréfum, útgefnum 19. sept. 1944 og 16. sept. 1945, veðsetti stefnandi handhafa fyrrgreindar eignir sínar með 3. og 4. veðrétti. Veðskuldabréfin voru að fjárhæð kr. 55.000.00 og kr. 85.000.00 og báru 6% ársvexti. Kveðst stefnandi hafa selt Benedikt nokkrum Jóhannssyni bæði skuldabréfin, en hann hafi goldið þau að nokkru leyti í peningum og nokkru leyti í víxlum.

Fyrri hluta árs 1946 höfðu 1. og 2. veðréttarskuldabréfin lent í vanskilum, og hafði stefndi Gústaf þau til innheimtu. Af 3. og 4. veðréttarskuldabréfunum hafði stefnandi þá lítið greitt. Benedikt Jóhannsson hafði ekki tök á að leysa til sín 1. og 2. veðrétt, ef gengið yrði að veðinu. Keypti stefndi Sigurður af honum 3. og 4. veðréttarbréfin með mjög miklum afköllum. Telja stefndu þau kaup hafa gerzt 20. marz 1946. Stefndu Hannes og Gústaf keyptu sinn þriðjunginn hvor í bréfum þessum af stefnda Sigurði, að því er þeir telja 2. maí s. á., á sama verði hlutfallslega og stefndi Sigurður keypti þau. Í þessu sambandi gerðu stefndu munnlegt greiðslusamkomulag við stefnanda um afborganir af öllum fjórum veðskuldabréfunum, samtals kr. 8000.00 á mánuði. Jafnframt hétu stefndu stefnanda kr. 20.000.00 eftirgjöf á skuldabréfunum á 3. og 4. veðrétti, ef hann stæði í skilum með greiðslu afborgana, og telur stefnandi þann fyrirvara hafa verið gerðan að tilhlutan stefnda Gústafs. Jafnframt greiddi stefnandi þann 2. maí fyrstu 8000 króna afborgunina, og stefnandi telur, að það hafi einnig verið þenna sama dag, sem bréfin voru keypt af stefnda Benedikt.

Fáum dögum eftir að stefndu Hannes og Gústaf keyptu hluta af 3. og 4. veðréttarbréfunum, seldu stefndu Gústaf og Sigurður stefnda Hannesi sína hluti í veðskuldabréfum þessum. Þann 19. júní 1946 gerðu stefndi Hannes og stefnandi nýtt samkomulag um greiðslu skuldabréfanna. Telja stefndu stefnanda þá hafa verið farinn að vanefna hið fyrra samkomulag. Átti stefnandi að greiða kr. 8000.00 í afborganir og vexti 15. dag hvers mánaðar. Skyldu fyrst greiddar óveðtryggðar skuldir stefnanda við stefnda Hannes, en síðan hinar í þeirri röð, sem stefndi Hannes óskaði. Vorið 1947 höfðaði stefndi Hannes mál á hendur stefnanda til greiðslu á 2. og 3. veðréttarskuldinni, þar sem hann taldi greiðsludrátt hafa orðið af hendi stefnanda. Telur stefnandi, að stefnt hafi verið fyrir skuldunum þ. 29. maí. Fékk stefndi Hannes dóma fyrir skuldunum. Eftir málshöfðunina innti stefnandi engar greiðslur af hendi, unz hann og stefndi gerðu nýtt samkomulag um greiðslu skuldanna 15. nóv. s. á. Samkvæmt því átti stefnandi að greiða kr. 8000.00 upp í skuldir sínar við stefnda Hannes við

undirskrift samningsins, kr. 4000.00 fyrir 15. des. s. á. og kr. 4000.00 á mánuði, unz skuldin væri að fullu greidd. Fyrst skyldu greiddir áfallnir vextir af veðskuldabréfunum, þar næst eftirstöðvar 4. veðréttarbréfsins og síðan lækkanði veðréttir, unz skuldin væri að fullu greidd. Stæði stefnandi í skilum, átti hann að fá kr. 10.000.00 eftirgefna auk vaxta af fjárhæðinni frá 1. maí 1946 til greiðsludags.

Pann 22. nóv. 1946 seldi stefnandi Eiríki Áka Hjálmarssyni kennara hálfa eignina Bústaðablett 12, en ekki átti kaupandi að taka að sér greiðslu veðskulda. Með samningi, dags. 15. febr. 1949, keypti Eiríkur þessi veðskuldabréfin fjögur af stefnda Hannesi. Samkvæmt samningnum voru eftirstöðvar þeirra, auk áfallinna en ógreiddra vaxta og málskostnaðar vegna dómanna fyrir 2. og 3. veðréttarskuldunum, taldar vera kr. 202.083.25. Söluverð bréfanna til Eiríks Áka var talið kr. 190.408.25, og var þá við það miðað, að 10.000 króna eftirgjöfin samkvæmt samningnum 19. nóv. 1947, auk 6% ársvaxta frá 1. maí 1946 til 15. febrúar 1947, væri dregin frá. Eiríkur Áki greiddi stefnda Hannesi veðskuldabréfin að verulegu leyti með vixli, og fékk stefndi Hannes skuldabréfin að handveði til tryggingar vixilskuldinni. Hélt stefnandi því áfram að greiða stefnda Hannesi allt til júníloka 1949. Í júlí 1949 seldi stefnandi Eiríki Áka hinn helming eignarinnar Bústaðabletts 12, og tók Eiríkur Áki að sér greiðslu á eftirstöðvum veðskuldanna frá júnílokum 1949. Kveður stefnandi sér og Eiríki Áka hafa talizt svo til, að eftir skattframtölum stefnanda og stefnda Hannesar að dæma næmu þær allt að kr. 166.316.00.

Með kærubréfi, dags. 24. sept. 1949, kærði stefnandi stefndu Hannes og Gústaf fyrir að hafa ólöglega haft af sér fé, þar á meðal að því er snertir 3. og 4. veðréttarskuldabréfin. Fór fram rannsókn í lögreglurétti út af kærinni.

Fyrsti liður dómkrafna stefnanda er þannig út reiknaður, að stefnandi telur, að samkvæmt því sem veðskuldirnar fjórar séu taldar í greiðslusamkomulaginu 19. nóv. 1947 hafi þær átt að vera kr. 175.444.39 þann 1. júlí 1949, ef við þær er bætt vöxtum og vaxtavöxtum á tímabilinu, en afborganir á þessum tíma hins vegar dregnar frá. Þá telur stefnandi, að vantaldar hafi verið þrjár innborganir inn á veðskuldabréfin, hver að fjárhæð kr. 8000.00. Sé það greiðslan 2. maí 1946 og tvær fyrstu greiðslurnar, eftir að hann hafði lokið við að greiða óveðtryggðu skuldirnar við stefnda Hannes. Þessar vantöldu afborganir ásamt vöxtum og vaxtavöxtum af þeim frá greiðsludögum til 30. júní 1949 nemi kr. 27.841.78. Enn fremur hafi verið vanefnd skuldbinding stefndu um 20.000.00 króna eftirgjöf á 3. og 4. veðréttarskuldunum. Sú fjárhæð, ásamt vöxtum og vaxtavöxtum frá 2. maí 1946 til 30. júní 1949, nemi kr. 24.072.01. Skuldir stefnanda samkvæmt veðskuldabréfunum hafi því raunverulega átt að nema kr. 123.530.60 þann 30. júní 1949, er Eiríkur Áki Hjálmarsson tók að sér greiðslu þeirra. Hann hafi hins vegar tekið að sér að greiða kr. 166.316.00. Beri stefnda því að endurgreiða stefnanda kr. 42.785.40 vegna ofgreiðslu hans og hinnar umsömdu 20.000.00 króna eftirgjafar.

Annar liður dómkröfunnar er reistur á því, að Benedikt Jóhannsson

hafi framselt stefnanda endurkröfurétt þann, sem hann kynni að eiga á stefndu vegna affallanna af 3. og 4. veðréttarskuldabréfunum. Beri stefndu að endurgreiða afföllin. Taldi stefnandi við munnlegan flutning málsins, að afföllin hefðu numið kr. 59.092.80, en þar frá drægjust þær kr. 20.000.00, sem stefnanda hefði verið lofað í afslátt og taldar væru undir 1. kröfulið.

Skaðabótakrafan undir 3. tölulið er reist á því, að stefndu hafi gengið mjög hart að stefnanda um innheimtu skulda. Hafi þeir keypt kröfur á hann og höfðað mál til heimtu þeirra, strax og kostur var, til að gera stefnanda gjaldþrota. Hafi stefnandi verið dæmdur til að greiða verulegar fjárhæðir í málskostnað.

Stefndu reisa frávisunarkröfuna á því, að kröfur stefnanda undir 1. lið dómkrafna hafi eigi verið lagðar til sátta, og ekki hafi þær heldur verið gerðar í stefnu og ekki hafðar uppi fyrr en við munnlegan flutning málsins.

Stefnandi heldur því fram, að kröfugerð hans við munnlegan flutning málsins sé einungis skýring á stefnukröfum og innan takmarka þeirra.

Í sáttakæru lýsir stefnandi málavöxtum svo, að við lögregluréttarrannsóknina hafi það sannast, að stefndu hafi hagnast „.... ólöglega um kr. 63.500.00 vegna kaupa á tveimur skuldabréfum, sem tryggð voru með 3. og 4. veðrétti í Bústaðabletti 12 við Sogaveg hér í bænum“. Hafi þeir allir skipt þessum hagnaði jafnt á milli sín. Í stefnu er um málavöxtu vísað til sáttakærunnar.

Ekki er að því vikið í stefnunni eða sáttakærunni, að stefnandi hafi greitt meira af skuldabréfunum en höfuðstól þeirra og vexti. Þar er aðeins gerð krafa um endurgreiðslu ólöglegs hagnaðar „vegna kaupa“ á 3. og 4. veðréttarbréfunum, auk skaðabótakröfu. Stefnandi lagði fram við þingfestingu endurrit lögregluréttarrannsóknarinnar. Í kærubréfi sínu, dags. 24. sept., sem tekið er upp í endurritið, telur stefnandi afföll af 3. og 4. veðréttarbréfunum, þegar Benedikt Jóhannsson seldi þau, hafa numið kr. 63.500.00. Eins og málatalibúnaði stefnanda var háttað, varð ekki séð, að gerðar væru kröfur um endurgreiðslu á vantöldum afborgunum og vaxtagreiðslum inn á veðskuldabréfin. Þær kröfur gerði stefnandi eigi fyrr en við munnlegan flutning málsins. Ber því að taka til greina kröfu stefndu um, að dómkröfum stefnanda, að því er varðar endurgreiðslu vantalinna afborgana og vaxtagreiðslna, verði vísað frá dómi.

Eins og fyrr segir, er 1. liður dómkrafna stefnanda að öðrum þræði krafa um, að stefndu endurgreiði stefnanda með vöxtum kr. 20.000.00, sem þeir hafa lofað honum í afslátt af 3. og 4. veðréttarskuldabréfunum. Umræddar kr. 20.000.00 dró stefnandi við munnlegan flutning málsins frá kröfu sinni um endurgreiðslu affallanna. Í stefnu og sáttakæru krafðist stefnandi hins vegar endurgreiðslu á ólöglegum hagnaði stefndu vegna kaupa á bréfunum, án þess að draga umræddar kr. 20.000.00 frá fjárhæð þeirri, sem hann virðist hafa talið afföllin nema, og krefjast endurgreiðslu þeirra sérstaklega. Í greinargerðum sínum tóku allir stefndu og til varnar um margnefnda 20.000.00 króna eftirgjöf. Þykir eftir atvikum ekki unnt að líta svo á, að þessi þáttur 1. kröfuliðs sé ný krafa, og verður honum ekki

vísað frá dómi af þeim ástæðum. Með vísan til þessa verður þessum þætti 1. kröfuliðs eigi heldur vísað frá dómi vegna skorts á sáttaumleitan.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Vegna anna hefur orðið dráttur á uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Magnús P. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreindri kröfu um endurgreiðslu vantalinna afborgana og vaxta er vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 17. marz 1952.

Nr. 73/1951. **Ákærvaldið** (Þórólfur Ólafsson)

gegn

Þórnýju Þuríði Tómasdóttur og

Jóni Kjartanssyni (Guttormur Erlendsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað
hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Þórðar Eyjólfssonar.

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Það er ljóst, að maður sá, sem varð fyrir bifreiðinni, hefur vikið til hægri, er hana bar að honum, og verður í refsímáli þessu að leggja til grundvallar frásögn ákærðu um hegðun mannsins, þar sem vitna er ekki kostur. Ber því að miða við það, að háttsemi hans hafi að nokkru verið orsök slyssins.

Brot ákærðu Þórnýjar Þuríðar Tómasdóttur varðar við 20., 21. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 38. gr. þeirra laga og 2. gr. laga nr. 49/1948, að því er varðar 21. gr. bifreiðalaganna, við 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og við 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Brot Jóns Kjartanssonar varðar við öll framangreind lagaákvæði, sbr. 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og 22. gr. laga nr. 23/1941.